



# Snemmtæk íhlutun

Leikskólinn Grænatún

Sólveig María Kjartansdóttir

Þórunn Jóhannsdóttir

## EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit .....	2
1. Formáli – um leikskólann Grænatún .....	4
1.1 Markmið .....	5
1.2 Undirmarkmið .....	6
2. Læsisstefna Grænatúns .....	7
3. Snemmtæk íhlutun í málþroska barna og undirbúningur fyrir lestur .....	8
4. Börn með annað móðurmál en íslensku .....	10
4.1 Málörvun ungra tví- eða fjöltyngdra barna .....	10
4.2 Móttaka barna með annað móðurmál en íslensku .....	12
4.3 Móttökuvíðtal .....	12
5. Móttaka barna í leikskólanum Grænatúni .....	13
6. Skimanir, athuganir og próf .....	14
6.1 EFI -2 .....	14
6.2. Gerd Strand .....	14
6.3 HLJÓM - 2 .....	15
7. Hlutverk sérkennslustjóra .....	16
8. Viðbrögð við frávikum .....	17
8.1. Stoðþjónusta .....	17
8.2 Skólaþjónusta leikskóladeildar Menntasviðs Kópavogs .....	18
8.3 Matslistar .....	21
9. Snemmtæk íhlutun í Grænatúni .....	23
9.1 Málörvunarhópar/vinnustundir .....	23
9.2 Félagsfærnisögur .....	24
9.3 Tákn með tali (TMT) .....	24
9.4 Sjónrænt skipulag .....	25
9.5 PMTO .....	25
9.6 ART .....	25
10. Starfið í Grænatúni .....	27
10.1 Lestur .....	27
10.2 Söngvar og þulur .....	28
10.3 Lubbi finnur málbein .....	28
10.4 Veðurfræðingar og þjónar .....	29
10.5 Ritmál .....	29
10.6 Sjónrænt skipulag .....	30
10.7 Bóksafn leikskólans/ loðtöflusögur .....	31



10.8 Vináttuverkefni .....	31
10.9 Numicon.....	32
10.10 Könnunarleikur .....	32
10.11 Spilasafnið í leikskólanum í Grænatúni.....	33
10.12 Samstarf við skóla og aðrar stofnanir .....	34
11. Lokaorð .....	34
12. Heimildaskrá.....	36

## 1.FORMÁLI – UM LEIKSKÓLANN GRÆNATÚN

Leikskólinn Grænatún hóf starfsemi sína 11. maí 1984. Leikskólinn er þriggja deilda skóli þar sem 63 börn dvelja á aldrinum 1 – 5 ára. Skólinn er staðsettur við Fossvogsdal sem býður upp á fjölbreytileika í útiveru, náttúruskoðun og vettvangsferðum. Starfsfólk leikskólans notar hin ýmsu gögn við nám barnanna og má þar helst nefna Lubbi finnur málbein, Numicon, vináttuverkefni Barnaheilla um bangsann Blæ og könnunarleik. Einkunnarorð skólans eru leikur og gleði þar sem leikurinn er því hornsteinn kennslunnar og fléttast inn í allt starf í Grænatúni. Einnig er lögð rík áhersla á hinar daglegu þarfir t.d. sjálfshjálpi við matartíma, klæðnað fyrir útiveru o.fl. Þá er unnið markvisst með hreyfingu, myndlist og tónlist.

Grænatún er lítill skóli og allir þekkjast vel. Það er mikið lesið og sungið og einnig læra börnin markvisst þulur. Á hverju hausti í kringum dag íslenskrar tungu er lestrarátak í skólanum þar sem börnin fá bækur lánaðar í skólanum og fara með heim og lesa með foreldrum. Að loknu 3 vikna lestrarátaki fá allir bókagjöf sem foreldrafélagið gefur ásamt leikskólanum. Haustið 2018 bauðst starfsfólki leikskólans að taka þátt í þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun. Málproski – undirbúningur undir lestur ásamt fimm öðrum leikskólum í Kópavogi. Þetta þróunarverkefni er hluti af samningi á milli þjónustu Ásthildar Bj. Snorradóttur, talmeinafræðings og Kópavogsbæjar sem felur í sér ráðgjöf og sérfræðivinnu frá Ásthildi við leikskóla Kópavogs (sbr. Markmið þróunarverkefnis kafli 1.1 og 1.2.). Starfsfólkið ákvað að taka þátt þar sem verkefnið myndi styrkja og efla starfið í Grænatúni. Við í leikskólanum Grænatúni vildum gera allt starfsfólkið meðvitað um mikilvægi Snemmtækra íhlutunar. Einnig að auðvelda öllum aðgang að þeim efnivið sem til er í leikskólanum með því að flokka spil og annað málörvunarefni eftir ákveðnum málþáttum svo það verði aðgengilegt á einum stað. Að lokum er stefnt að því að verkferlar í móttöku barna og í snemmtækri íhlutun verða skýrir. Það er von starfsfólksins að þetta bæti og styrki það góða starf sem fer fram hér í leikskólanum Grænatúni og efli færni starfsfólks skólans í vinnu með málörvun og læsi.

## 1.1 MARKMIÐ

Markmiðið með verkefninu er að öll börn í leikskólum Kópavogs nái hámarksárangri hvað varðar mál, tal og boðskipti og undirbúning hvað varðar lestur. Stefnt er á að þessi undirbúningur í leikskólunum skili börnunum betur undirbúning inn í fyrsta bekk grunnskóla og að unnið sé í anda heildstæðrar skólastefnu. Lögð verður áhersla á að hvert barn fái íhlutun og kennslu við hæfi og að kennsla í grunnskólum byggji á niðurstöðum og áherslum í kennslu frá leikskólum, þannig að komið verði í veg fyrir afturvirkta rof (Gerður G. Óskarsdóttir, 2012). Unnið verður eftir hugmyndafræði um snemmtæka íhlutun með áherslu á hámarksárangur allra nemenda hvað varðar málþroska og læsi.

Annað markmið með verkefninu er að koma upp góðu spilasafni þar sem spil og málörvunarefni er flokkað eftir viðeigandi málþáttum og verði þannig aðgengilegt fyrir alla sem vinna í Grænatúni. Það er von starfsfólksins að með þátttöku í þessu verkefni verði allir í skólanum meðvitaðir um mikilvægi og nauðsyn snemmtækra íhlutunar.

## 1.2 UNDIRMARKMIÐ

- Að styrkja og efla málþroska leikskólabarna með áherslu á læsi í víðum skilningi.
- Leggja áherslu á samvinnu við heilsugæslustöðvar vegna niðurstaðna úr þroskaprófum eftir 2 1/2 aldur og 4 ára skoðun.
- Að nota skilvirkari vinnubrögð hvað varðar málþroska og læsi með því að búa til verkáætlun sem að leikskólar styðjast við. Skimanir hvað varðar mál og læsi verði notaðar í leikskólum. Aukin áhersla á íhlutun og uppbyggingu málörvunarhópa og einstaklingsþjálfun, þar sem hvert barn fær íhlutun/kennslu við sitt hæfi.
- Að auka þekkingu, færni og öryggi starfsfólks í vinnu með málörvun og læsi.
- Að auka færni í skráningu, mati á árangri og flokkun/vali á viðeigandi málörvunarefni hjá starfsfólki leikskólans.
- Að virkja/útbúa sérstaka móttökuáætlun fyrir börn sem eru að læra íslensku sem annað tungumál og efla íslenskukennslu, viðeigandi málörvun og stuðning fyrir þennan hóp barna.
- Að auka samstarf við sérfræðinga og foreldra hvað varðar málörvun og læsi. Aukin fræðsla til foreldra.
- Að efla samstarf á milli leik- og grunnskóla. Brúa bilið þannig að grunnskólinn haldi áfram að vinna með barnið út frá áherslum leikskólans. Sameiginlegir fundir með starfsfólki leik- og grunnskóla.

( Ásthildur Bj. Snorradóttir, 2019)

## 2. LÆSISSTEFNA GRÆNTÚNS

Læsisstefna Grænatúns er unnin í samræmi við Aðalnámskrá leikskóla og stefnu Kópavogsbæjar um mál og lestur. Hún var unnin sem þróunarverkefni veturinn 2017 – 2018 á vegum Kópavogsbæjar. Guðrún Sæmundsdóttir leikskólakennari hélt utan um verkefnið.

Góð almenn málörvun í dagsins önn er mikilvægasta framlag hvers leikskóla til að þróa læsi barna. Starfsfólk Grænatúns er að vinna í málörvun alla daga bæði meðvitað og ómeðvitað. Markmið leikskólans er að vinna markvisst með alla málþætti og læsi í víðu samhengi. Allar deildir í leikskólanum vinna markvisst að málörvun eftir aldri og þroska barnanna. Unnið er m.a. með málörvunar efni eins og Lubbi finnur málbein Orðaspjallsaðferðina, Ég get lesið og samræðulestur.





### 3. SNEMMTÆK ÍHLUTUN Í MÁLÞROSKA BARNNA OG UNDIRBÚNINGUR FYRIR LESTUR

Öll börn eiga rétt á því að fá kennslu við hæfi og með auknu samstarfi fagstétta og allra þeirra sem vinna með ungum börnum er auðveldara að vinna að því. Í snemmtækri íhlutun er lögð áhersla á að bregðast við um leið og grunur vaknar um málþroskafrávik hjá ungum börnum. Í gegnum leikinn og daglegar aðstæður er mikilvægt að veita markvissa málörvun. Þannig er hægt að draga úr erfiðleikum sem barnið kann að lenda í síðar meir. Mikilvægt er að skilgreina hvaða málþætti þarf að styrkja til að ná hámarksárangri hvers einstaklings. Áhersla er einnig lögð á einstaklingsáætlanir, skráningu og mat á árangri. Það skiptir miklu máli að efla samstarf við foreldra með því að fræða þá og upplýsa um málþroskafrávik og gera þeim grein fyrir stöðu barnanna sinna hvað varðar mál, tal og boðskipti. Þá þarf að sækja um viðeigandi sérfræðiaðstoð, t.d. talmeinafræðinga, sálfræðinga eða annarra sérfræðinga eftir eðli fráviks. Ef foreldrar eru vel upplýstir gera þeir sér betur grein fyrir mikilvægi þess að taka þátt í aðferðum snemmtæktrar íhlutunar og geta þar af leiðandi undirbúið barn sitt til að takast á við allt nám.

Snemmtæk íhlutun er afmarkað fræðisvið. Samkvæmt rannsóknum sérfræðinga er heilastarfsemi hjá ungum börnum ekki fullmótuð og börn eru næmari fyrir íhlutun á yngri árum. Því fyrr sem málþroskafrávik eru greind og skilgreind er hægt að draga úr, eða jafnvel koma í veg fyrir, námserfiðleika síðar á lífsleiðinni. Snemmtæk íhlutun felst í því að greina málþroskafrávik snemma. Einnig þarf að skilgreina í hverju vandinn er fólgin og er það m.a. gert með því að fá bakgrunnsupplýsingar um barnið. Þá þarf að skoða hvaða málþætti þarf að vinna með og veita ráðgjöf og markvissa þjálfun til að ná árangri.

Grunnur að eðlilegum málþroska hefst í frumbersku og heldur síðan áfram það sem eftir er ævinnar. Meginhluti málþroskans fer fram fyrir 5 ára aldur og er hann talinn fylgja svipuðu mynstri hjá öllum börnum, þó að einstaklingsmunurinn geti verið mikill. Einnig er talið að flest börn hafi þróað grunnorðaförða og byrjandi málfræði við 3 ára aldur.

Einn þáttur í snemmtækri íhlutun fyrir börn með málþroskafrávik er að kenna þeim viðeigandi notkun máls. Síðustu ár hafa sérfræðingar í auknum mæli skoðað þessi frávik vegna þess hve mikil áhrif þetta hefur á hegðun og líðan barna. Birtingarform málþroskafráviks getur komið fram í hegðunarerfiðleikum. Börn eiga t.d. erfitt með að





lesa í óyrt skilaboð, hlusta, setja sig í spor annarra og gera til skiptis. Þetta veldur því að þau fá færri tækifæri til að læra af öðrum börnum í hóp.

Málskilningur er háþrúð færni sem byggir á heyrnar- og sjónskyni. Börn með málþroskafrávik eiga oft erfitt með að þekkja tilfinningar og skilja tengsl orsaka og afleiðingar sem getur haft áhrif á getu til að túlka lestexta síðar á ævinni. Táknrænn leikur og ímyndun sem þróast í hlutverkaleik byggir upp skema sem er eins konar innra handrit fyrir málskilning. Góður lesskilningur byggir síðan á málskilningi og orðaforða.

Seinkun í leikþroska og orðaforða getur verið fyrsta vísbending um lestrarerfiðleika. Þau börn sem hafa góðan orðaforða hafa forskot þegar kemur að lestrarferlinu. Hægt er að kortleggja virkan orðaforða hjá börnum með því að leggja fyrir orðaforðagátlista og þroskalista sem meta mál ungra barna.

Annar mikilvægur þáttur í málörvun ungra barna er að styrkja hljóðkerfi í gegnum leik og söng. Það er vitað að taktur, söngur og hrynjandi eykur áhuga og hjálpar til við nám. Börn með eðlilega heyrn tileinka sér hljóðkerfi í viðkomandi tungumáli fyrst og fremst með því að hlusta og leika sér með máhljóðin. Þetta gerir það að verkum að börn eru virk í þessu ferli sem á sér stað yfir ákveðin tíma og yfirfæra síðan þessa þekkingu á máhljóðum yfir á aðra þætti, svo sem undirbúning fyrir bókstafsþekkingu og lestrarnám.

Fram hefur komið í rannsóknum í hvaða röð íslensk börn tileinka sér máhljóðin frá 2 ára aldri. Þær upplýsingar gefa okkur hugmyndir um það hvernig best er að haga skemmtilegri vinnu með íslensku máhljóðin sem hægt er að gera í gegnum leik og söng. Ekki skal þó vinna með beina framburðarleiðréttingu hjá svo ungum börnum heldur ætti sú vinna alltaf að vera í samráði eða höndum talmeinafræðinga.

Byggt á bókinni Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna (Ásthildur Bj. Snorradóttir o.fl. 2014)

## 4. BÖRN MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU

### 4.1 MÁLÖRVUN UNGRA TVÍ- EÐA FJÖLTYNGDRA BARNA

Málþroskapróf sem eru stöðluð á öðru tungumáli en móðurmáli barnsins gefur ekki rétta mynd af málþroska barnsins ein og sér. Það er þó hægt að nota ákveðin viðmið prófa til þess að skoða einstök atriði í málþroska barnsins út frá eðlilegum þrepum í málþroska, sem öll börn fara í gegnum, eins og að hlusta, sameina athygli, gera til skiptis, sýna táknrænan leik, tengslamyndun, orðaforði, málskilningur, setningamyndun og viðeigandi boðskipti. Hvert tungumál hefur þó sín sérkenni sem taka þarf tillit til í mati á málþroska. Það væri auðvitað æskilegt að hægt væri að meta málþroska barnsins á eigin tungumáli. Það er þó oft flókið svo leita verður annarra leiða.

Að læra önnur tungumál veldur ekki málþroskaröskun. Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að það að læra önnur tungumál valdi málþroskaröskun eða valdi seinkun í málþroska (Elín Þöll Þórðardóttir, 2004). Öll börn hafa gott af því að læra önnur tungumál burtséð frá mögulegum fötlunum eða heilkennum sem þau geta haft. Það skiptir þó sköpum að góður grunnur sé lagður fyrir málþroska barnsins með því að rækta vel og nota móðurmál þess heima fyrir. Það þýðir ekki að barnið blandi ekki stundum saman fleiri en einu tungumáli þegar það tjáir sig.

Mikill misskilningur er í gangi við greiningu og málörvun ungra barna sem alast upp við tvítyngi eða fjöltyngi. Þau geta verið vangreind, þ.e.a.s. að öll vandamál barnsins séu útskýrð út frá því að barnið sé að læra annað tungumál. Það gleymist að börn eiga auðvelt með að læra önnur tungumál ef allt er með felldu. Einnig getur það gerst að barnið sé greint með málþroskafrávik þó að vandinn sé aðallega í því fólgin að barnið fái meiri tíma til þess að tileinka sér nýtt tungumál. Það er oft mikill vandi að greina hvort barn sem er að læra önnur tungumál sé með málþroskafrávik. Í túlkun niðurstaðna er mikilvægt að meta frammistöðu barns á þeim tungumálum sem það er að læra og ef mögulegt er að vera í góðri samvinnu við túlk sem talar móðurmál barnsins.

Bæta þarf hagnýtar rannsóknir sem stuðla að því að bæta aðferðir og mælingar á málþroska tví- og fjöltyngdra barna. Það hefur þó verið sýnt fram á að börn sem læra tvö mál samhliða frá því að þau eru mjög ung búi til tvö aðskilin málderfi og að þau fari í gegnum sömu þætti í málþroska á hvoru tungumáli fyrir sig þannig að þau læra ákveðin atriði tungumálsins í sömu röð og eintyngd börn (Elín Þöll Þórðardóttir,

2006). Þessi vitneskja hjálpar okkur að meta málproska barna sem tala fleiri en eitt tungumál. Það er mikilvægt að afla góðra bakgrunnsupplýsinga og einnig að nota gátlista, skrá niður orðaforða barnsins (þau orð sem barnið notar á þeim tungumálum sem það er að læra) og hvort það hafi möguleika á því að stunda tólmstundir þar sem töluð er íslenska. Leggja þarf áherslu á að skapa möguleika fyrir börn sem eru að læra íslensku til að umgangast íslensk börn fyrir utan leikskóla til að fá fleiri tækifæri til þess að ná góðum tókum á tungumálinu. Síðast en ekki síst þarf að athuga hvort barnið er fætt á Íslandi og einnig hversu lengi það hefur dvalist á Íslandi og hvort það sé í íslenskum leikskóla. Það er líka mikilvægt að vita hvort móðurmál barnsins sé notað í samskiptum við það og að hvetja foreldrana til þess að rækta móðurmál barnsins.

Það er ljóst að mikilvægt er að greina hvort barnið er með málproskafrávik sem kemur þá fyrst fram í eigin tungumáli og endurspeglast í öðrum tungumálum sem barnið lærir. Síðan þarf að athuga hvort barnið alist upp við það að ekki sé lagður góður grunnur að málproska á eigin tungumáli. Það getur gerst að blandað sé saman einfaldri íslensku, ensku og einstaka orðum úr móðurmálinu. Ef málumhverfi barnsins er gert mjög flókið getur það haft áhrif á málproska. Það þarf þó í öllum samtölum við foreldra frá mismunandi menningarheimum að gera sér grein fyrir því að viðhorf til frávika er mjög mismunandi og í sumum löndum er allt önnur merking lögð í hugtakið að vera með frávik. Í mörgum vestrænum þjóðfélögum er meira verið að hugsa um það að finna frávik hjá barninu til þess að geta sett af stað markvissa íhlutun sem fyrst. Í öðrum löndum getur það að vera með frávik vakið upp mikla hræðslu og óöryggi einfaldlega vegna þess að blöndun og skóli án aðgreiningar er ekki jafnþekkt í þjóðfélaginu og á Íslandi. Börn með frávik eru jafnvel send á stofnun eða þau fá ekki sömu tækifæri til menntunar og önnur börn.

Það sem skiptir öllu máli er að gera sér grein fyrir menningarmun og mismunandi túlkun á frávikum hjá mismunandi þjóðum. Einnig þarf að taka tillit til þess hvaða bakgrunnsorðaforða barnið ræður yfir og kynna fyrir barninu bakgrunnsorðaforða sem tengist íslensku. Í ljósi þessa er mikilvægt að leggja áherslu á það að útskýra ný hugtök fyrir barninu og vera viss um að barnið geri sér grein fyrir því til hvers sé ætlast af því. Það er ljóst að hvort sem barnið er með málproskafrávik eða slaka færni í því að læra íslensku þá er mikilvægt að veita viðeigandi íhlutun til þess að öll börn hafi jafna möguleika til náms á Íslandi.

Börn með annað móðurmál en íslensku í leikskólanum Grænatúni er fylgt vel eftir



Þegar þau byrja í leikskólanum. Frá upphafi skólagöngu fá þau auka málörvun bæði í hóppjálfun og einstaklingsþjálfun út frá aldri og þroska þeirra og notaðar eru þær athuganir, skimanir, próf og Bjargir sem á við hverju sinni.

Byggt að hluta á bókinni: Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Margrét Þ. Jónsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, 2014

#### 4.2 MÓTTAKA BARNNA MEÐ ANNAÐ MÓÐURMÁL EN ÍSLENSKU

Árið 2018 gaf Kópavogsbær út handbók um móttöku nemenda með annað móðurmál en íslensku í leik- og grunnskóla. Þau börn sem þetta á við eru börn sem hafa fæðst erlendis, eiga foreldra af erlendum uppruna og börn sem hafa dvalið langdvölum erlendis og snúið aftur til Íslands. Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan bakgrunn hvað varðar nám, menningu og tungumál. Þeir hafa mismikla undirstöðu í eigin tungumáli, læsi og námi og eru því misjafnlega undirbúnir að takast á við nýtt tungumál í nýju og framandi umhverfi. Starfsfólk leikskólans hefur einsett sér að taka vel á móti öllum börnum og ekki síst börnum af erlendum uppruna. Þá er mikilvægt að hafa vel undirbúið og upplýsandi móttökuviðtal.

#### 4.3 MÓTTÖKUVIÐTAL

- Móttökuviðtalið sitja foreldrar/forráðamenn, túlkur, deildarstjóri, sérkennslustjóri og skólustjóri. Ávallt skal kalla til túlks.
- Óskað eftir bakgrunnsupplýsingum (sjá fylgiskjal 1)
- Veita upplýsingar um skólann

Skóladagatalið

Dagskipulagið

Matseðilinn

Símanúmer

Stjórnendur

Vefsíða/facebook

Vala (samskipta og skráningarkerfi leikskóla Kópavogs)

Hvað þurfa börnin að hafa í skólanum


(sjá fylgiskjal 2)

## 5. MÓTTAKA BARNA Í LEIKSKÓLANUM GRÆNATÚNI

Aðlögun barns er einn þáttur í uppeldisstarfinu og skiptir miklu máli fyrir líðan barnsins hvernig til tekst. Að byrja í leikskóla er ný reynsla, allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að málum. Foreldrum er boðið á kynningu í leikskólanum og einnig er hver og einn boðaður í móttökuvíðtal við deildastjóra (sjá fylgiskjal). Í því samtali veita foreldrar leikskólanum mikilvægar bakgrunnsupplýsingar varðandi sitt barn, stuðst er við spurningarlista sem unnin var af starfsfólki leikskólans. Þar kemur m.a. fram ef grípa þarf fljótt til snemmtækrar íhlutunar.

Deildarstjórar skipuleggja aðlögun í samstarfi við starfsfólk deildarinnar. Starfsfólk sér yfirleitt um aðlögun þegar barn færast milli deilda. Markmiðið er að efla öryggiskennd og vellíðan barnsins og foreldra þess í framandi aðstæðum og stuðla að gagnkvæmum kynnum á milli fjölskyldu barnsins og leikskólans, mikilvægt er að báðir foreldrar taki þátt í aðlöguninni. Aðaltími aðlögunar er í ágúst og september.

Foreldrum er boðið upp á foreldraviðtöl einu sinni til tvisvar á ári. Þar er rætt um líðan barns, nám og þroska. Þegar um er að ræða börn af erlendum uppruna er ávallt notast við túlkapjónustu. (sjá fylgiskjal 3)



## 6. SKIMANIR, ATHUGANIR OG PRÓF

Starfsfólk leikskólans hvetur foreldra til að fara með börnin sín á heilsugæsluna í hefðbundið ungbarnaeftirlit. Ef grunur vaknar þar um frávik hafa hjúkrunarfræðingar samband við viðeigandi deildarstjóra og upplýsa hann um stöðu mála (með upplýstu samþykki foreldra). Unnið er að skipulagningu verkferla um skrifleg skil milli heilsugæslu og leikskóla í Kópavogi.

Í leikskólanum er einnig fylgst vel með framvindu þroska barna. Lögð eru fyrir ákveðin matstæki til að átta sig betur á hvar styrkleikar og veikleikar hvers nemanda liggja og geta þannig veitt snemmtæka íhlutun sé þörf á því. Eftirfarandi matstæki eru lögð fyrir öll börn í leikskólanum Grænatúni.

### 6.1 EFI -2

*EFI-2 málproskaskimun* er lögð fyrir börn á fjórða aldursári, þriggja ára, eins mánaða og 17 daga til þriggja ára 10 mánaða og 16 daga. Málproskaskimunin er eftir Elmar Þórðarson, Friðrik Rúnar Guðmundsson og Ingibjörgu Símonardóttur. Skimunin byggist á myndabók með sjö myndum sem barnið og kennarinn skoða saman. Myndirnar tengjast á 10 verkefnum með mismörgum atriðum sem lögð eru fyrir barnið. *EFI-2* er málproskaskimun sem kannar málskilning og máltjáningu. *EFI -2* er ekki nákvæm greining á málproska barna. Niðurstöðurnar eru flokkaðar eftir færni barnanna í málskilningi og máltjáningu. Markmiðið með skimuninni er að finna þau börn sem eru með frávik í málproska svo hægt sé að grípa inn í með markvissri snemmtækri íhlutun við hæfi hvers barns og efla þannig mál, tal, boðskipti og læsi. Niðurstöðum *EFI- 2* er ávallt skilað skriflega í foreldrasamstarfi með leiðbeiningum til foreldra um hvernig megi styrkja færnina sem þarf að þjálfá samkvæmt skimuninni. (sjá fylgiskjal 4)

### 6.2. GERD STRAND

Könnun *Gerd Strand* er huglægur matslisti, þýddur og staðfærður, með leyfi höfundar, af Guðjóni E. Ólafssyni, sérkennslufræðingi og Kristínu Björk Guðmundsdóttur, sérkennara.

Matslistinn er ætlaður fyrir 4 ára gömul börn. Hann er huglægt mat þess sem metur færni barnsins . Þessi matslisti einn og sér gefur ekki tilefni til endanlegs úrskurðar um frávik en getur gefið vísbendingar um að þörf sé á frekari athugunum. Hann tekur á flestum færniþáttunum sem hafa áhrif á gengi nemenda í leikskólanámi. Eftirfarandi

Þættir eru metnir; gróf- og fínhreyfingar, hegðun, mál- og tal, virkni, samskipti og þekking. Niðurstöður eru svo skráðar á línurit og ef kemur í ljós seinfærni, misproski eða ofvirkni er brugðist við því í samstarfi við foreldra eða forráðamenn og annarrar sérfræðiaðstoðar óskað ef þess þykir þörf.

### 6.3 HLJÓM - 2

*HLJÓM -2* er próf í leikjaformi sem er lagt fyrir elsta aldurshóp barna í Grænatúni að hausti. *HLJÓM -2* er staðlað íslenskt próftæki sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) elstu barna leikskólans. Prófið er eftir Ingibjörgu Símonardóttur og Jóhönnu Einarsdóttur talmeinafræðinga og dr. Amalíu Björnsdóttur dósent.

Prófið er í leikjaformi og byggist á sjö mismunandi verkefnum: Rími, samstöfum, samsettum orðum, hljóðgreiningu, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi, er heimilt að leggja prófið fyrir. Niðurstöður prófsins gefa marktækar vísbendingar um áhættu varðandi lestrarörðuleika og eru því mikilvægar fyrir markvissa vinnu á lokaári barnanna í leikskólanum og einnig til að sjá hvaða börn eru í áhættu fyrir að lenda í lestrarerfiðleikum.

Fyrirlögn prófsins tekur u.þ.b. 20 – 30 mínútur. Þau börn sem koma út með slaka eða mjög slaka færni taka prófið aftur um vorið. Í millitíðinni er unnið með þá þætti sem komu slakir út á prófinu. Niðurstöðum *HLJÓM- 2* er ávallt skilað skriflega í foreldrasamstarfi með leiðbeiningum til foreldra um hvernig megi styrkja hljóðkerfisþættina sem þarf að þjálfra samkvæmt niðurstöðum prófsins. Einnig er niðurstöðum skilað til þess grunnskóla sem barnið mun sækja. (sjá fylgiskjal 5)



## 7. HLUTVERK SÉRKENNSLUSTJÓRA

Starf sérkennslustjórans er margþætt. Megin verkefni eru stjórnun og skipulagning sérkennslu, uppeldi og menntun barna og nán samvinna við foreldra, samstarfsfólk og aðra sérfræðinga. Sérkennslustjóri veitir ráðgjöf til samstarfsfólks og foreldra varðandi snemmtæka íhlutun. Hann er tengiliður við utanaðkomandi sérfræðinga, starfsfólk og foreldra. Boðar fundi, ritar fundargerðir, útbýr beiðnir, hefur umsjón með útfyllingu sráningarlista skimana, prófana og fylgiskjala. Einnig sér hann um að gera einstaklingsnámskrár, skýrslugerðir og myndbandsupptökur vegna frekari greininga og aðkomu félagsþjónustu. Sérkennslustjóri heldur utan um teymi í kringum ákveðin hóp barna með sérþarfir og sér til þess að unnið sé eftir settum markmiðum einstaklingsnámskrár og þeim fylgt eftir. Hann skilar upplýsingum um einstök börn, þ.e. þarfir þeirra, markmið og leiðir í sérkennslu til næsta skólastigs og ef barn flytur í annan leikskóla.

## 8. VIÐBRÖGÐ VIÐ FRÁVIKUM

### 8.1. STOÐPJÓNUSTA

Þegar grunur leikur á frávikum og lagðar hafa verið fyrir viðkomandi athuganir, skimanir og próf fyrir barnið fer ákveðið ferli af stað. Deildarstjóri og sérkennslustjóri mynda teymi eftir þörfum hvers barns í samvinnu með foreldrum/forráðamönnum og fara yfir næstu skref. Sérkennslustjóri veitir tímabundna íhlutun sem fer fram hjá honum eða innan deildarinnar. Eftir 3 mánuði hittist teymið aftur og er þá farið yfir það hvort það þurfi meira inngrip frá viðeigandi sérfræðingum. Ef þörf er á því fyllir sérkennslustjóri út beiðni sem inniheldur grunnupplýsingar um barn og forráðamenn, upplýsingar um helstu áhyggjur af þroska barns, lýsingu starfsmanna og foreldra á styrkleikum barns, hegðun og líðan. Í beiðininni kemur einnig fram hvernig unnið hefur verið með barnið, hvaða matslistar og próf hafa verið lögð fyrir og hvaða kennsluaðferðum hefur verið beitt.



## 8.2 SKÓLAÞJÓNUSTA LEIKSKÓLADEILDAR MENNTASVIÐS KÓPAVOGS

**Leiðbeiningar um beiðni**

Þegar áhyggjur af þroska, hegðun eða líðan barns eru miklar og/eða langvarandi er hægt að óska eftir þjónustu af hálfu talmeinafræðings, sálfræðings, sérkennsluráðgjafa og/eða iðjubjálfa.

Þrenns konar þjónusta er í boði:

- **Beiðni um skólaþjónustu vegna barns** (mat talmeinafræðings, sálfræðings, iðjubjálfa o.fl.)
- **Beiðni um ráðgjöf vegna barns** (fyrir foreldra og/eða starfsfólk)
- **Beiðni um ráðgjöf vegna hóps** (t.d. skimun á barnahópi)

**Verklag þegar óskað er eftir skólaþjónustu vegna barns:**

- fylla út **Beiðni um skólaþjónustu leikskóla** í ONE
- gæta þess að **allar** umbeðnar upplýsingar komi fram og rafræn undirskrift foreldra fylgi
- láta foreldra og/eða deildarstjóra fylla út viðeigandi matslista
- skanna matslista og/eða önnur fylgiskjöl og láta fylgja með beiðninni
- **ATH. að nóg er að senda eingöngu útreikninga úr Íslenska þroskalistanum, Smábarnalistanum, Orðaskilum, EFI-2 og HLJÓM-2.**

Ef spurningar vakna er ávallt hægt að hafa samband við starfsfólk. Beiðni sem ekki eru útfylltar á fullnægjandi hátt gætu verið sendar til baka. Athugið að fylgiskjöl eru mismunandi eftir tilvísunarástæðum og ef ykkur vantar matslista eða gátlista skulið þið óska eftir þeim hjá viðeigandi sérfræðingi. **Ef áhyggjur er af fleiru en einu, látið þá öll viðeigandi fylgiskjöl fylgja með beiðni.**

**Áhyggjur af málþroska: Málskilningur, tal og/eða framburður**

Fylgiskjöl:

1. Niðurstöður **Íslenska þroskalistans eða Smábarnalistans** (þarf ekki að fylgja ef bara framb.)
2. Gátlisti fyrir málþroska barna:

➤ **Gátlisti fyrir málþroska 2 - 3 ára barna**

- **Gátlisti fyrir málþroska 3 - 3,6 ára barna**
- **Gátlisti fyrir málþroska 3,6 - 4 ára barna**
- **Gátlisti fyrir málþroska 4 - 4,6 ára barna**
- **Gátlisti fyrir málþroska 4,6 - 6 ára barna**

3. Niðurstöður mats:

- **Orðaskil (18-36 mánaða)**
- **EFI-2 (3-4 ára)**
- **HLJÓM-2 (5 ára)**
- *Ef framburðarvandi hjá 4 ára og eldri: ISC*

- (<http://www.csu.edu.au/research/multilingual-speech/ics>)

4. Ef barn hefur íslensku sem annað tungumál er gagnlegt að fylla út **Staða og framfarir 3-5 ára barna** og láta samantekt niðurstaðna fylgja með:

- ([http://reykjavik.is/sites/default/files/vmis\\_skjol/allir\\_med/matslisti\\_0.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/vmis_skjol/allir_med/matslisti_0.pdf))

### Viðmið fyrir mál og tal

**12 mánaða:** Við 12 mánaða aldur segja börn oftast sitt fyrsta orð. Hlusta þarf á hvort að barnið bablar og hvort fjölbreytni sé í bablinu (mismunandi samhljóðar og sérhljóðar). Einnig viljum við fylgjast með óyrtum samskiptum á við bendingar, augnsamband, sameinaða athygli.

**18 mánaða:** Við 18 mánaða aldur eiga börn að segja lágmark 10 orð.

**2,5 ára og 4 ára skoðun:** *Brigance* skimun á heilsugæslu

**Framburður:** Sjá töflu hér fyrir neðan, prósenturnar tákna hlutfall barna sem hafa náð hljóðunum á þeim aldri (t.d. ná rúmlega 75% barna tókum á /s/ og /r/ við 4 ára aldur en 90% þeirra við 6 ára aldur, þ.e. 60% þeirra sem ekki hafa náð tókum á þeim 4 ára hafa náð þeim án inngrips við 6 ára).

### Málhljóðamyndun íslenskra barna, meðaltileinkunaraldur á stökum hljóðum

	>75%	>90%
2 ára	/m/ /b/ /n/ /d/ /j/ /h/ /v/ /l/ /g/, /gj/ /f/ /p/ /ð/	/m/ /b/ /n/ /d/ /j/ /h/
3 ára	/t/ /k/, /kj/ /hj/ óraddað /l/	/v/ /l/ /g/, /gj/ /f/

		/p/ /t/ /k/, /kj/ /hj/
4 ára	mjúka /g/ /s/ /r/	/ð/
5 ára	/p/ óraddað /r/	mjúka /g/ ( <i>fluga, sög</i> ) /p/
6 ára		/s/ /r/, óraddað /r/ ( <i>eins og hringja, hárl...</i> )
Eldri	óraddað /n/ ( <i>hnífur, hneta...</i> )	?

## Áhyggjur af þroska – einhverfu

Fylgiskjöl:

1. Niðurstöður **Íslenska þroskalistans** eða **Smábarnalistans**
2. Gátlisti fyrir málþroska barna
  - **Gátlisti fyrir málþroska 2 - 3 ára barna**
  - **Gátlisti fyrir málþroska 3 - 3,6 ára barna**
  - **Gátlisti fyrir málþroska 3,6 - 4 ára barna**
  - **Gátlisti fyrir málþroska 4 - 4,6 ára barna**
  - **Gátlisti fyrir málþroska 4,6 - 6 ára barna**
3. Niðurstöður úr ***Orðaskil*** (18-36 mánaða)
4. ***Spurningar um styrk og vanda*** (SDQ) (**fyrir 4 ára og eldri**)
  - Deildarstjóri og foreldrar fylli út á viðeigandi tungumáli: <http://www.sdqinfo.com>

## Vandi tengdur hegðun, einbeitingu, hreyfiproska eða skynjun

Fylgiskjöl:

1. Niðurstöður Íslenska þroskalistans eða Smábarnalistans
2. **Gátlisti fyrir hegðunarvanda**
3. **Spurningar um styrk og vanda** (SDQ) (**4 ára og eldri**)
  - Deildarstjóri og foreldrar fylli út á viðeigandi tungumáli: <http://www.sdqinfo.com>
4. **Ofvirknikvarðinn (4 ára og eldri)** (valkvæmt)
  - Deildarstjóri og foreldrar

## Tilfinningavandi (kvíði, depurð, hlédrægni)

Fylgiskjöl:

1. Niðurstöður Íslenska þroskalistans eða Smábarnalistans
2. **Gátlisti fyrir hegðunarvanda**
3. **Spurningar um styrk og vanda** (SDQ) (**4 ára og eldri**)
  - a. Deildarstjóri og foreldrar fylli út á viðeigandi tungumáli: <http://www.sdqinfo.com>
4. **Gátlisti fyrir kvíðaeinkenni hjá börnum á leikskólaaldri** (valkvæmt)

### 8.3 MATSLISTAR

#### **Íslenski smábarnalistinn/ íslenski þroskalistinn**

Íslenski smábarnalistinn er ætlaður börnum 15 – 38 mánaða en íslenski þroskalistinn fyrir börn á aldrinum 3 – 6 ára. Mæður barnanna svara listanum og meta getu þeirra á mál- og hreyfisviði. Prófpættirnir eru: Málþáttur (hlustun, tal, nám) og hreyfiþáttur (grófhreyfingar, fínhreyfingar og sjálfsbjörg). Til samans mynda undirprófin þroskatölu sem gefur til kynna almennan þroska barnsins að mati móður. Höfundar prófsins eru Einar Guðmundsson og Sigurður J. Grétarsson.



## APES

APES er færnimiðaður matslisti sem metur stöðu og framfarir barns miðað við þess eigin þroskastöðu en ekki við meðalfærni jafnaldra. Upplýsingum er safnað frá foreldrum og leikskólanum og niðurstöður gefa mynd af þörfum, styrkleikum og veikleikum barnsins og er jafnframt góður grundvöllur til að byggja á þegar útbúin er einstaklingsnámskrá og íhlutun skipulögð í framhaldinu fyrir barnið.

## Orðaskil

*Orðaskil- málþroskaathugun* byggir á orðaforðagátlista og athugun á setningagerð fyrir börn á aldrinum 1 ½ til 3 ára. Prófinu er ætlað að meta orðaforða miðað við jafnaldra og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð málsins. Aldursviðmið fylgja prófinu en með samanburði við þau er skorið úr um hvort málþroski barna mælist innan eðlilegra marka miðað við jafnaldra. Höfundur er Elín Þóll Þórðardóttir, talmeinafræðingur.

## Gátlisti fyrir málþroska

Gálistann er hægt að nota sem skimun fyrir kennara á mál-/talvanda leikskólabarna. Gátlistinn er notaður fyrir fimm mismunandi aldursbil barna á leikskólaaldri. Hann gefur hugmynd um umfang málþroskavanda sem talmeinafræðingur þarf síðan að meta nánar. Kennarar fylgjast með barni í fjórar vikur og merkja við þá þætti sem eiga við á listanum og lýsa málnotkun barns í ákveðnum aðstæðum.

*Gátlistinn* er endurskoðaður og aðlagður af Margréti Samúelsdóttur, talmeinafræðingi með leyfi Hólmfríðar Árnadóttur og Valdísar Birnu Guðjónsdóttur, talmeinafræðingum.

## Mat á hegðunarvanda

Mat á hegðunarvanda er *matslisti* útbúinn fyrir sérfræðipjónustu Menntasviðs Kópavogs sem kennarar fylla út. Áður en matið er gert þarf að fylgjast með barninu í mismunandi aðstæðum nokkrum sinnum og skrá þegar erfið hegðun á sér stað, aðdraganda hennar og afleiðingar.

Höfundur er Elísa Guðnadóttir, sálfræðingur



## SDQ

*SDQ-listinn* gefur vísbendingar um hegðun, líðan, tilfinningar og hæfni barns í félagslegum samskiptum. Foreldrar og kennarar fylla út sitt hvort eintakið af listanum og svo eru svörin borin saman af sálfræðingi stoðþjónustu Kópavogsbæjar.

### Gátlisti fyrir kvíðaeinkenni hjá börnum á leikskólaaldri

Bæði foreldrar og kennarar svara þessum lista og merkja við þau atriði sem eiga oft við hjá barninu sem gerir það að verkum að barnið getur ekki tekið þátt í leik og starfi eða þroskast eðlilega. Með íhlutun er foreldrum jafnframt bent á að sækja námskeiðið Klókir litlir krakkar.


Höfundur er Elísa Guðnadóttir sálfræðingur

## 9. SNEMMTÆK ÍHLUTUN Í GRÆNATÚNI

Þegar upp kemur grunur um frávík í þroska barns sest starfsfólk leikskólans niður með foreldrum og ræðir málin og setur niður áætlun þar sem unnið er eftir hugmyndafræði snemmtæktrar íhlutunar. Starfsfólk leikskólans vinnur samkvæmt þessari áætlun í um það bil 3 mánuði og þá er staðan tekin aftur með hagsmuni barnsins í huga og ákveðið þá næstu skref ásamt því hvort leita þurfi til annarra sérfræðinga. Úrræðin sem íhlutun byggir á tengjast málþroska, almennum þroska og hegðun.

### 9.1 MÁLÖRVUNARHÓPAR/VINNUSTUNDIR

Börn sem þurfa aukna málörvun til viðbótar almennri málörvun fara í leikhópa. Það eru vinnustundir þar sem unnið er með þau atriði sem börnin þarfnast þjálfunar í til að styrkja málþroska, undirbúning undir lestur og stuðla að betri líðan og hegðun. Leikhóparnir eru litlir sbr. 3-4 börn í hverjum hóp. Einnig er stundum unnið í einstaklingsþjálfun með einstök börn eftir þörfum. Vinnustundirnar fara fram bæði inni á deildum og í sérkennsluherberginu alla daga vikunnar 20 -30 mínútur í senn.



Sérkennslustjóri ásamt stafsólki inni á deildum sjá um þessa leikhópana. Unnið er eftir ákveðnu skipulagi í vinnustundunum þannig að börnin vita alltaf við hverju er að búast og hvað er ætlast til af þeim. Það gefur þeim öryggi, sjálfstraust og betri líðan.

## 9.2 FÉLAGSFÆRNISÖGUR

Félagsfærnisögur eru mikið notaðar og gagnast börnum við að takast á við nýjar eða breyttar aðstæður og til að breyta óæskilegri hegðun. Sögurnar eru stuttar, hnitmiðaðar og jákvæðar. Notast er við myndir og sagan sögð eins og barnið sé að segja hana.

## 9.3 TÁKN MEÐ TALI (TMT)

TMT er ætlað talandi fólki með málörðugleika. Það er byggt upp af samblandi af tali, táknum og látbragði sem er til undirstrika merkingu orða. TMT er alltaf notað samhliða talmáli og eru aðalorð setninga eingöngu táknuð. TMT er mest notað með yngstu börnunum sem eru með seinkaðan málþroska.

#### 9.4 SJÓNÆNT SKIPULAG

Sum börn þurfa nákvæmara sjónrænt skipulag heldur en er almennt inni á deildum leikskólans. Þau fá sitt eigið dagskipulag sem sniðið er að þeirra þörfum og er mun nákvæmara. Einnig þurfa einhver börn að brjóta niður skipulagðar stundir í minni þrep til þess að vita hvernig stundin verður byggð upp. Þau fá þá myndrænt skipulag til þess að vita hvað er ætlast til af þeim.



#### 9.5 PMTO

*PMTO* stendur fyrir e. *Parent management training* – Oregon aðferð og er sannprófað meðferðarþrógram ætlað foreldrum barna með hegðunarerfiðleika. Þetta úrræði hentar vel þeim sem koma að uppeldi barna á leik- og grunnskólaaldri. *PMTO* dregur úr hegðunarerfiðleikum barns og hefur jákvæð áhrif á samskipti innan fjölskyldu og frammistöðu barns í námi. *PMTO* verkfærin sem mest eru notuð eru, skýr fyrirmæli, hvatning, mörk, lausnaleit, hlutverkaleikir og umbunarkerfi. Foreldrum er bent á námskeið fyrir foreldra um *PMTO* aðferðina sem er á vegum Kópavogsbæjar.

#### 9.6 ART

*ART* stendur fyrir e. *Aggression Replacement Training* og er fastmótað uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja



óæskilega hegðun og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda

Mikilvægt er að foreldrar séu virkir þátttakendur í verkefninu í gegnum „heimavinnu“ barna sinna. Börnin fá verkefni með sér eftir tímana til að þjálfa sig heima í þeirri færni sem verið er að vinna með.

## 10. STARFIÐ Í GRÆNATÚNI

Einkunnarorð leikskólans Grænatúns er *Leikur og gleði* og reynum við að flétta það inn í allt daglegt starf með börnunum. Starfsfólk leikskólans leggur mikla áherslu á lestur, söngva og þulur í starfinu.

### 10.1 LESTUR

Það er lesið fyrir börnin í leikskólanum á hverjum degi. Lesið er fyrir börnin í smærri og stærri hópum. Starfsfólk leikskólans notar bæði Samræðuaðferðina og spyr mikið út í textann sem er verið að lesa og einnig Orðaspjallsaðferðina til að auka orðaforða og skilning. Börn sem þurfa af einhverjum ástæðum auka málörvun fá einnig auka lestur maður á mann eða í litlum hópum.



Á hverju ári í tengslum við dag íslenskrar tungu er lestrarátak í Grænatúni í samvinnu við foreldrafélag skólans og Bókasafn Kópavogs. Við fáum lánaðar bækur á bókasafninu og hver deild útbýr lítið bókasafn þar sem börnin geta valið sér bók og farið með heim. Í upphafi átaksins fá foreldrar kvittunarblað og fræðslu um mikilvægi lesturs. (sjá fylgiskjal 6 og 7) Foreldrar kvitta síðan fyrir lestur hveurrar bókar. Í lok átaksins, sem stendur yfir í 3 vikur, er kvittunarblaðinu skilað inn og börnin fá bókargjöf frá foreldrafélaginu. Mikil ánægja hefur verið hjá börnum og foreldrum með lestrarátakið og hefur starfsfólk leikskólans orðið vart við vakningu foreldra á mikilvægi lesturs.



## 10.2 SÖNGVAR OG ÞULUR

Það er mikið sungið á hverjum degi í Grænatúni. Á hverjum föstudegi er sameiginleg söngstund í salnum sem deildarnar í leikskólanum skiptast á að sjá um. Í því felst að velja nokkur lög, eitt lag úr bókinni um Lubba sem finnur málbein og eina þulu og æfa síðan skemmtiatriði. Deildarnar æfa sömu lögin a.m.k einu sinni á dag og enda svo á að syngja þau saman í salnum á föstudögum. Sama Lubbalagið og þulan eru æfð tvær vikur í röð.

## 10.3 LUBBI FINNUR MÁLBEIN

Málörvunarefnið sem tengist bókinni; Lubbi finnur málbein gefur færi á ótal skemmtilegum og fjölbreyttum leikjum sem ýta undir hljóðánám sem er byggt á samþættingu skynleiða; sjón,- heyrnarskyn og hreyfi og snertiskyn. Þetta málörvunarefni ýtir undir stafa- og hljóðaþekkingu,

hljóðavitund/hljóðkerfisvitund og fleiri

undirstöðupætti fyrir lestur. Unnið er með

Lubbaefnið á öllum deildum leikskólans og valið er

efni sem hæfir hverjum aldri fyrir sig. Á yngstu

deildinni er mest unnið með fyrstu máhljóðin sem lærast samkvæmt tileinkunarröð

máhljóðanna (sbr. hvaða máhljóð börn læra fyrst þegar þau tileinka sér íslensku

máhljóðin). Lög og textar sem eru í bókinni; Lubbi finnur málbein eru sungin og

sérstakir hljóðapokar, þar sem búið er að safna saman mismunandi hlutum sem byrja

á sama hljóði eru skoðaðir. Á eldri deildunum er unnið markvissara með hvert hljóð í

sérstökum Lubbastundum ásamt því að syngja lögin sem fylgja hverju máhljóði úr

bókinni um Lubba. Unnið er með máhljóðin í bókinni sem eru tekin fyrir á tveggja ára

tímabili og unnið markvissst með hvert hljóð í tvær vikur. Samhliða markvissri vinnu

með máhljóðin í gegnum málörvunarefnið; Lubbi finnur málbein en þar er einnig

kynnt börnunum fyrir heiti íslensku bókstafanna.



#### 10.4 VEÐURFRÆÐINGAR OG ÞJÓNAR

Á eldri deildunum eru veðurfræðingar og þjónar valdir á hverjum degi. Veðurfræðingur athugar veðrið og fer yfir það í hvaða föt börnin klæða sig fyrir útiveru og velur viðeigandi myndir. Veðurfræðingur fer líka yfir heiti vikudagana og nafn mánaðarins. Þjónarnir leggja á borð og gefst þar tækifæri til að efla orðaforða og hugtakaskilning. Þjónarnir bjóða einnig börnum og starfsfólki til borðs.



#### 10.5 RITMÁL

Ritmál er sýnlegt á öllum deildum leikskólans, valið er ritmál eftir mismundandi aldri og þroska barnanna. Á öllum deildum eru hólfín merkt með nafni barns og foreldrum þess. Einnig eru bókstafir sýnilegir á öllum deildum. Á elstu deildinni eru stólar barnanna merktir með nafni og ýmiss efniviður sem börnin sækja í er merktur með ritmáli, s.s. tússlitir, skæri o.fl.





## 10.6 SJÓNÆNT SKIPULAG



Stundaskrá á yngstu deildinni

Myndrænt skipulag er á öllum deildum þar sem dagurinn er brotinn niður í smærri einingar sem sýnir stundaskrá barnanna. Hver mynd er lýsandi fyrir hverja stund dagsins. Þetta veitir börnunum öryggi og hjálpar þeim að hafa yfirsýn um það hvað er framundan.



Stundaskrá á eldri deildum

### 10.7 BÓKSAFN LEIKSKÓLANS/ LOÐTÖFLUSÖGUR.


Í Grænatúni er til ágætis bókasafn sem er staðsett í sal leikskólans. Þar er bókunum grófflokkað í þrjá aldursflokka eftir því hvað hentar börnum á mismunandi aldri. Einnig eru bækur flokkaðar eftir innihaldi þeirra. Það þýðir að allar bækur um fugla eru saman og allar bækur um Einar Áskel eru saman o.s.frv.

Mikið er til af loðtöflusögum fyrir allan aldur og er þær mikið notaðar.

### 10.8 VINÁTTUVERKEFNI



Vínátta er forvarnarefni frá Barnaheill sem ætlað er að koma í veg fyrir að einelti þróist í barnahópum í leik- og gunnskóla. Hugmyndafræðin endurspeglast í fjórum gildum: hugrekki, umburðarlyndi, virðingu og umhyggju. Börnum er kennt að setja sig í spor annarra með myndaspjöldum sem fylgja námsefninu. Í skólanum er til námsefni fyrir 0-3 ára og 3-6 ára.



### 10.9 NUMICON

Numicon eru námsgögn sem eru ætluð nemendum sem eru að byrja að læra stærðfræði. Með því að nota Numicon er hægt að setja upp stærðfræðidæmi án þess að búa yfir sérstakri stærðfræðikunnáttu og þannig eykur Numicon möguleika allra nemanda á að læra stærðfræði. Í Numicon læra börnin ýmis hugtök, t.d. fjölda, form og liti.



### 10.10 KÖNNUNARLEIKUR

Á yngstu deildinni er unnið með Könnunarleik sem er leikur þar sem börnin geta fengið útrás fyrir meðfædda forvitni og notað hæfileikann til að einbeita sér í öruggu umhverfi í hóp með allt að sex börnum og einum fullorðnum. Í Grænatúni eru fjögur til fimm börn saman í hóp. Efniviðurinn er ekki hin hefðbundnu leikföng, heldur óhefðbundið leikefni, sem við getum safnað í okkar nánasta umhverfi. Þessa ólíku hluti má nota á margvíslegan hátt t.d. fylla á, tæma, setja saman, velja, hafna, finna hvað er líkt og ólíkt, stafla hlutum og láta þá halda jafnvægi. Stundum tekst að framkvæma ákveðna hluti í könnunarleiknum og stundum ekki en alltaf er stefnt að settu marki. Börnin fara í könnunarleik einu sinni í viku og er þeim skipt niður í fjóra hópa þar sem fjögur til fimm börn eru í hverjum hóp. Það er alltaf sami starfsmaður sem fylgir hverjum hóp yfir veturinn.



## 10.11 SPILASAFNIÐ Í LEIKSKÓLANUM Í GRÆNATÚNI

Þegar starfsfólk leikskólans ákvað að taka þátt í þróunarverkefninu um Snemmtæka íhlutun var ákveðið að fara í gengnum öll spil sem til voru í leikskólanum og flokka þau eftir viðeigandi málþáttum. Spilin voru flokkuð í 9 flokka í samráði við Margréti Samúelsdóttur talmeinafræðing.

Flokkunin er eftirfarandi:

### **Setningafræði (hvítur)**

Tengja saman orð í setningar og hjálpa til við orðaforða (tveggja og þriggja orða setningar).

### **Málfræði (blár)**

Eintala/fleirtala, sagnorð, lýsingarorð, spurnarorð, nútíð/þátíð/framtíð, beygingar orða.

### **Heyrnaminni (Grænn)**

Reyna á hlustun og minni barnanna ásamt hæfileikanum til að endurtaka. Hljóðabingó.

Hlusta og muna. Gera og segja. Örsögur.

Hér eru hlekkir fyrir hljóðabingó, dýr, farartæki og heimilishljóð

[https://www.freesoundeffects.com/free-sounds/animviðeignadials-10013/100/tot\\_sold/20/6/](https://www.freesoundeffects.com/free-sounds/animviðeignadials-10013/100/tot_sold/20/6/)

<https://www.zapsplat.com/sound-effect-category/animals/>

### **Hljóðkerfisvitund/Framburður (appelsínugulur)**

Rím, klappa atkvæði, hlustun, hljóðgreining í orðum (fyrsta hljóð/síðasta hljóð), samsett orð, umskráning (tengja hljóð við staf).

Lærum og leikum með hljóðin

Lubbi finnur málbein

### **Orðaforði (gulur)**

Minnisspil, lottó, myndaspil o.fl.

*Spurning:* „Hver á banana?“ *Svar:* „ég á banana“ Muna að börnin eiga að svara í setningum.

### **Málskilningur (rauður)**

Hugtaspil. Yfir/undir Lítil/stór

Yfir- og undirflokkar. Ávextir – banani, epli, pera.....

Spil sem reyna á almennan skilning.

### **Stærðfræði (bleikur)**

Para saman, röðun, flokka, form, tölustafir, telja, reikna, stærðfræðihugtök.

### **Litir og form (brúnn)**

Para saman og flokka hluti og myndir.

### **Félagsfærni/samskipti**

Félagsfærni/samskipti/boðskipti

Boðskiptareglur Bínu

Heilsa og kveðja

Biðja um hluti á viðeigandi hátt

Félagsfærnisögur

## 10.12 SAMSTARF VIÐ SKÓLA OG AÐRAR STOFNANIR

Starfsfólk leikskólans í Grænatúni er í samstarfi við skólann í hverfinu okkar sem er Snælandsskóli. Elstu börnin fara í heimsóknir og kynnst starfinu í skólanum. Einnig er þeim boðið á skemmtanir og sýningar á vegum skólans. Börn úr fyrsta bekk grunnskólans koma í heimsókn í leikskólann einu sinni að vetri. Þetta samstarf er gert til að auðvelda flutning barnanna milli skólastiga. Niðurstöðum úr *HLJÓM-2* er miðlað til skólanna sem börnin fara í. Einnig eru veittar upplýsingar til grunnskólans um börn sem hafa þurft á sérkennslu að halda.

Starfsfólk er í samskiptum við Bókasafn Kópavogs varðandi lestarátakið í leikskólanum og einnig fara börnin í heimsókn þangað í litlum hópum.

Í leikskólanum Grænatúni er lögð áhersla á að vinna náið með starfsfólki frá stoðþjónustu Menntasviðs Kópavogs varðandi greiningu og þjónustu við börn sem þurfa á því að halda.

## 11. LOKAORÐ

Með þróunarverkefninu um Snemmtæka íhlutun hefur starfsfólk leikskólans náð að setja niður skýra verkferla þegar upp kemur grunur um frávík í þroska barna, bæði hvað varðar málþroska, vitsmunaproska og almennan þroska barna. Þeir verkferlar sem hafa verið settir upp ásamt flokkun á efnivið sem til var kemur til með að auðvelda öllu starfsfólki leikskólans vinnu með börnunum og gera hana markvissari.

Það hefur verið skemmtilegt og krefjandi að vinna að þessu verkefni. Þessi vinna bætir starfið í vinnu með börnunum og mun starfsfólk, börn og ekki síst foreldrar njóta góðs af afrakstri verkefnisins. Handbókin sem afrakstur þróunarvinnunar er lifandi skjal og kemur til með að verða í áframhaldandi þróun jafnhliða breytingum sem verða á starfinu í skólanum.

Að lokum viljum við þakka Ásthildi Bj. Snorradóttur, talmeinafræðingi fyrir að kynna



verkefnið fyrir okkur og miðla af sinni þekkingu. Maríanna Einarsdóttir, umsjónarmaður verkefnisins fyrir hönd Kópavogs og Margrét Samúelsdóttir, talmeinafræðingur hafa miðlað miklum upplýsingum til okkar og veitt mikinn stuðning og kunnnum við þeim bestu þakkir fyrir. Haldnir hafa verið reglulegir tengiliðafundir með leikskólunum sem tóku þátt í verkefninu. Þar komu fram ýmsar hugmyndir sem hafa nýst vel og vill starfsfólk leikskólans Grænatúns því einnig þakka þeim fyrir gott samstarf.

Kópavogur, 19. nóvember 2020

---

Sólveig María Kjartansdóttir

---

Þórunn Jóhannsdóttir



## 12. HEIMILDASKRÁ

Ásthildur Bj. Snorradóttir. (2019). *Markmið verkefnis um snemmtæka íhlutun.* Kópavogsbær.

Ásthildur Bj. Snorradóttir, Anney Ágústsdóttir, Bergrós Ólafsdóttir, Þóra Jónsdóttir og Sigurður Sigurjónsson. (2014). *Snemmtæk íhlutun í málörvun tveggja til þriggja ára barna.* GuðjónÓ- vistvæn prentun.

Leikskólinn Grænatún. (2020, febrúar). Sótt af <https://graenatun.kopavogur.is/>



## Leikskólinn Grænatún- móttökuviðtal

## Fylgiskjal 1

Nafn barns	Dagsetning			
		Já	Nei	Ath.
Var meðganga og fæðing barnsins eðlileg?				
Hefur barnið verið með langvarandi veikindi?				
Hefur barnið farið í heyrnarmælingu?				
Elst barnið upp við tví-/fjöltyngi?				
Sýnir barnið áhuga á fólki og spennandi dóti				
Bregst barnið við nafninu sínu?				
Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera?				
Hefur barnið áhuga á bókum , er lesið fyrir barnið?				
Finnst þér málþroski barnsins aldurssvarandi?(hjal,babl,orð)				
Fer barnið eftir einföldum fyrirmælum?				
Er barnið að bæta við sig skilningi á nýjum orðum?				
Er barnið byrjað að tengja saman orð ?18 mánaða +				
Sýndi barnið frávik í málþroska í skoðun á heilsugæslu?				
Hefur barnið farið í 18 mánaða skoðun eða 2 1/5 árs skoðun?				
Hefur barnið farið í allar bólusetningar?				
Er barnið með ofnæmi?				
Svefnvenjur Bleia      annað:	Snuð			
Hefur greinst þroskahömlun, athyglisbrestur, kvíði eða lestrarörðugleikar í fjölskyldunni?				
Hefur þú áhyggjur af þroska eða hegðun barnsins?				
Hver fer með forræði barns og hvernig er fyrirkomulag umgengni?				
Á barnið ömmu og afa? Hvar búa þau?				
Forráðamaður1		Sími		
Upprunaland		Netfang		
Ríkisfang		Starf		
Vinnustaður				
Forráðamaður 2		Sími		
Upprunaland		Netfang		




Ríkisfang	Starf
Vinnustaður	

## Fylgiskjal 2

### Móttaka barna með annað móðurmál en íslensku

Móttökuvíðtalið sitja foreldrar/forráðamenn, túlkur, deildarstjóri, sérkennslustjóri og skólalastjóri. Ávallt skal kalla til túlk.

- Fara yfir móttökuvíðtals skjalið
- Skóladagatalið – fara yfir mikilvægar dagsetningar. Skipulagsdaga og rauða daga.
- Íslenskar hefðir, kynna ýmsar uppkomur tengdum íslenskum hefðum, t.d. Þorrablót, öskudagur, jólahald o.fl.
- Foreldraviðtöl 1-2 á ári
- Dagskipulagið – Leikskólinn opnar 7.30 og lokar 16.30
- Símanúmer: 4416400
- Stjórnendur: Sigríður Ólafsdóttir leikskólalastjóri, Jóna Kristín Gunnlaugsdóttir aðstoðarleikskólalastjóri, Sólveig María Kjartansdóttir sérkennslustjóri, Þórunn Jóhannsdóttir deildarstjóri Dvergadeildar, Erla María Sigurgeirsdóttir deildarstjóri Trölladeildar og Bryndís Gunnarsdóttir deildarstjóri Skessudeildar.
- Vefsíða: Matseðill, fréttir  
<https://graenatun.kopavogur.is/>
- Facebook: Skessudeild/Trölladeild/Dvergadeild. Myndir og fréttir af starfinu á deildum.
- Valan
- Hvað þurfa börnin að hafa í skólanum  
Hlý föt: Kuldagalli, flíspeysa, ullarsokkar, vettlingar, húfa, kuldaskór  
Pollaföt, stígvél, pollavettlinga.  
Aukaföt: Nærföt/samfellur, sokka/sokkabuxur, buxur, bolir, peysur.
- Veikindi. Tilkynna veikindi. Börn eiga að vera heima a.m.k. 1 dag hitalaus eftir veikindi.



Dags. \_\_\_\_\_

## Skil á EFI – 2 niðurstöðum til foreldra.

Nafn barns \_\_\_\_\_

Foreldrar: \_\_\_\_\_

## Hvað er EFI – 2 ?

EFI – 2 málproskaskimuninni er lögð fyrir börn á fjórða aldursári nánar tiltekið á aldrinum; þriggja ára, eins mánaða og sautján daga til þriggja ára, tíu mánaða og sextán daga. Skimunin byggist á myndabók með sjö myndum sem barnið og kennarinn skoða saman. Myndirnar tengjast tíu verkefnum með mismörgum atriðum sem lögð eru fyrir barnið. Flest þessara atriða eru spurningar tengdar myndum.

EFI – 2 er málproskaskimun sem kannar *málskilning* og *máltjáningu*.

**Málskilningsþáttur** skimunarinnar kannar t.d. skilning á stærðar- og fjöldahugtökum, litaheitum, óyrtum orðaforða og yfirhugtökum. Skilningur á neitun í setningum og setningum sem tengjast í tímaröð, sem og vinnsluminnis (hlusta, skilja, muna, gera og segja).

Í **Máltjáningarþættinum** er kannaður t.d. almennur virkur orðaforði, rétt notkun talna- og litaheita, setningar og beygingarmyndun (nt, þt, et, ft), rökvísi og samhengi í tjáskiptum. Skimunin skiptist þannig að 21 atriði kanna *málskilning* og 18 atriði kanna *máltjáningu*.

EFI – 2 er skimun en ekki nákvæm greining á málproska barna. Niðurstöðurnar eru flokkaðar eftir færni barnanna í málskilningi og máltjáningu (tali).

Markmið með skimuninni er að finna þau börn sem eru með frávik í málproska svo hægt sé að grípa inní með markvissri snemmtækri íhlutun við hæfi hvers barns og efla þannig mál, tal, boðskipti og læsi barnsins.

## Punktur til foreldra – Almenn málörvun barna.

### ➤ **Fyrirmæli.**

Leiðbeiningar til barnsins þurfa að vera stuttorðar, skýrar og einfaldar. Segið barninu frekar hvað það á að gera í stað þess hvað það á ekki að gera. Mikilvægt er að ná augnsambandi við barnið þegar talað er við það, þá er öruggt að athygli þess hefur verið náð og að það sé að hlusta.

### ➤ **Tölum (og tölum...) við barnið.**

Öflug málörvun er alltaf af hinu góða. Það þarf að gefa sér tíma til að spjalla við barnið hvort sem um er að ræða í leika eða daglegum störfum hversdagsins. En barnið verður líka að hafa svigrúm til að nema það sem við segjum og við þurfum að gefa því tíma til að svara.

### ➤ **Lesum á hverjum degi.**

Við lestur örvum við orðaforða barna. Við upphaf lestrar ættum við að skoða bókakápuna með barninu, spá í nafnið á bókinni og íhuga efni bókarinnar út frá titlinum.

### ➤ **Málörvun í bílnum.**

Flestir eyða töluverðum tíma á degi hverjum í bíl. Notum þennan tíma til að örva mál barnsins, t.d. rifja upp atburði dagsins, nefna kennileiti, syngja eða fara með vísur, hvað sem er. Látum það þó ekki trufla okkur við aksturinn.

### ➤ **Syngjum saman.**

Syngjum fyrir eða með barninu alveg frá fæðingu þess. Gott er að lesa fyrir barnið skemmtilegar rímaðar vísur eða kvæði með söguþræði, t.d. Tótu tætibusku, En hvað það var skrítið. Leikum okkur með rím og hvetjum barnið til að „bullríma“.

### ➤ **Lengingar.**

Leiðréttið ekki barnið þegar það segir eitthvað vitlaust, það getur leitt til óryggis. Í staðinn er betra að endurtaka jákvætt það sem barnið hefur sagt og bæta við setninguna, t.d. ef barnið segir „botti“.

- Nefna: Þetta er bolti
- Útskýra: Sparka bolta
- Lýsa: Gulur bolti.
- Tilfinningar: Gaman að leika með bolta.
- Spá: Taka bolta með til ömmu.



Niðurstöður úr EFI – 2

Nafn barns: \_\_\_\_\_

Kennitala: \_\_\_\_\_

Leikskóli: \_\_\_\_\_

Prófandi: \_\_\_\_\_

Fyrri athugun	Ár	Mán.	Dagur
Dagsetning			
Fæðingardagur			
Aldur við prófun			

<h2 style="margin: 0;">NIÐURSTÖÐUR</h2>
---

	Stig	Mjög slök geta C	Slök geta B	Meðalgeta A	Góð geta A
<u>Yngri hópur</u> (yngri en 3 ½ árs)		Skilningur 0-8 Tjáning 0-19	Skilningur 8-10 Tjáning 19-22	Skilningur 10-16 Tjáning 22-29	Skilningur 16-21 Tjáning 29-35
Málskilningur					
Máltjáning					
<u>Eldri hópur</u> (eldri en 3 ½ árs)		Skilningur 0-10 Tjáning 0-22	Skilningur 10-13 Tjáning 22-25	Skilningur 13-18 Tjáning 25-30	Skilningur 18-21 Tjáning 30-35
Málskilningur					
Máltjáning					

<h2 style="margin: 0;">Túlkun niðurstaðna – ábendingar um úrræði</h2>
---

--	--






## Fylgiskjal 5

## Hljóm -2



Nafn: \_\_\_\_\_

Fædd/ur: \_\_\_\_\_

Deild: \_\_\_\_\_

Deildarstjóri /Prófandi: \_\_\_\_\_

Skimunarprófið Hljóm -2 er lagt fyrir elsta aldurshóp barna í flestum leikskólum Kópavogs að hausti.

Hljóm -2 er staðlað íslenskt próftæki sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) elstu barna leikskólans. Prófið er eftir Ingibjörgu Símonardóttur og Jóhönnu Einarsdóttur talmeinafræðinga og dr. Amalíu Björnsdóttur dósent. Prófið er í leikjaformi og byggist á sjö mismunandi verkefnum: Rím, Samstöfum, Samsettum orðum, Hljóðgreiningu, Margræðum orðum, Orðhlutaeyðingu og Hljóðtengingu. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi, er heimilt að leggja prófið fyrir. Niðurstöður prófsins gefa marktækar vísbendingar um áhættu varðandi lestrarörðuleika og eru því mikilvægar fyrir markvissa vinnu á lokaári barnanna í leikskólanum. Fyrirlögn prófsins tekur u.þ.b. 20 – 30 mínútur.

Hljóm -2 var lagt fyrir þann \_\_\_\_\_ 201\_\_

	Mjög slök færni	Slök færni	Meðalfærni	Góð færni
Rím				
Samstöfur				
Samsett orð				
Hljóðgreining				
Margræð orð				
Orðhlutaeyðing				
Hljóðtenging				
<b>Samtala</b>				

Í verkefninu Rím á barnið að benda á mynd sem rímar við orðið sem prófandi nefnir. Hægt er að þjálfna þennan þátt málsins með því að finna leiki sem reyna á tilfinningu fyrir hrynjanda málsins og byggður er upp orðaforði um leið og leikið er með rímsögur og þulur. Hægt er að



spyrja barnið spurninga á borð við: „Hvað er uppi á höfði þínu sem rímar við sár? Ari er smár en Óli er .....? Klár, hár“ o.s.frv.

Í **samsettum orðum** á barnið að setja saman tvö orð, oftast nafnorð. Góð æfing er að gefa barninu fyrri hluta orðs og fá það til að botna. **Dæmi:** fót..... barnið botnar ..... bolti. Snjó.....barnið botnar.....hús, þota....karl.....o.s.frv. Mikilvægt er að fá barnið til að velta innihaldi orða fyrir sér. **Dæmi:** Af hverju heitir sandkassi sandkassi? Af hverju heitir leikskóli leikskóli? Einnig er gaman að leika sér að því að víxla orðum í samtengingu. Barnið lærir að sum orð er hægt að segja á tvo vegu en önnur ekki af því að orðin sem verða til eru ekki til í tungumálinu. Orðið kertaljós er til en ekki ljóskerti. Aftur á móti er bæði hægt að tala um blómapott og pottablóm.

Í **verkefninu Orðahlutaeyðing** á barnið að greina tvo merkingarbæra orðhluta. Bæði þessi þáttur og samsett orð reyna á hvort barnið áttar sig á aðalatriðum innan orðs, þ.e. merkingarbæru orðhlutunum. Hægt er að þjálf þennan þátt með því að nota sjónrænar tengingar eins og kubba eða myndir. Það auðveldar barninu að skilja hvernig orðin eru aðskilin. Gæta þarf þess að kubburinn eða myndin sem tákna fyrri hluta séu réttu megin miðað við lesátt. **Dæmi:** Hvað verður eftir þegar þú tekur loft burt af loftljósi?

Í **Hljóðtengingar** á barnið að greina hljóð í orði. Í þessum þætti á það að hljóða saman tvö til þrjú hljóð í orði. **Dæmi:** /a/-/r/-/i/ = Ari. Í leikjum til að þjálf þessa færni sem og í færni á að greina að hljóð í orði er mikilvægt að ýkja hljóðin og reyna að gera myndunarstaðinn sem sýnilegastan (sbr. /T/k/ o.fl.). Sögð eru hljóðin í orðinu með u.þ.b. 1 sekúndu bili og barnið giskar á hvað verið er að segja. **Dæmi:** /Ó/-/S/K/ = Ósk.

Í **verkefninu Samstöfur** á barnið að klappa atkvæði í orðum. Slíkur leikur er góður undirbúningur fyrir síðari greiningu máhljóða. Oftast er þetta léttur og skemmtilegur leikur þar sem klappa má saman ýmis orð og telja atkvæðin, þ.e. hversu oft var klappað. **Dæmi:** fót-bolt-i = 3 klöpp.

Í **verkefninu Hljóðtenging** fæst barnið við sundurgreiningu máhljóða. Þar reynir á hljóðkerfisvitund barnsins, ekki hvað síst hljóðvitund. Barnið tengir heyrnrænt saman tvö til þrjú máhljóð í orði. Hljóðin í orðinu eru slitin í sundur og haft smáhik á milli þeirra til dæmis /s/-/ó/-/l/. Til að þjálf þennan þátt er mikilvægt að ýkja hljóð í orðum og reyna að gera myndunarstaðinn sem sýnilegastan.

**Rannsóknir sína að þau börn sem lesið er fyrir daglega, ná marktækt betri árangri í lestri en þau sem sjaldnar er lesið fyrir.**

**Þær bækur sem við vinnum með í málörvun í Grænatúni eru:**

**Ljáðu mér eyra:** Ásthildi Bj. Snorradóttur og Valdísi B. Guðjónsdóttur.

**Leggðu við hlustir:** Arnheiði Borg, Áslaugu Hartmannsdóttur, Eirík Ellertsson og Ingibjörgu Símonardóttur.

**Tölum saman:** eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur og Bjartey Sigurðardóttur.

**Sól: Íslensk þýðing,** Margrét Tryggvadóttir, Hólmfríður Árnadóttir og Hrafnhildur Karlsdóttir.

**Lubbi:** Eyrúnu Ísfold Gísladóttir og Þóru Másdóttur

**Orðagull:** eftir Bjarney Sigurðardóttur og Ásthildi Bj. Snorradóttur.

## Punktur til foreldra – Almenn málörvun barna.

➤ **Lesum á hverjum degi.**

Við lestur örvum við orðaforða barna. Við upphaf lestrar ættum við að skoða bókakápuna með barninu, spá í nafnið á bókinni og íhuga efni bókarinnar út frá titlinum.

➤ **Tölum um atburði í nútíð, þátíð og framtíð.**

Ung börn lífa í núinu. Við þurfum smátt og smátt að byggja ofan á, tala um það sem gerst hefur og það sem á eftir að gerast. Þannig lærir barnið að skynja tímann og við leggjum grunn að skipulagningu frásagnar. Ekki er verra að hafa myndir til að styðjast við þegar skemmtilegir atburðir eru rifjaðir upp.

➤ **Málörvun í bílnum.**

Flestir eyða töluverðum tíma á degi hverjum í bíl. Notum þennan tíma til að örva mál barnsins, t.d. rifja upp atburði dagsins, nefna kennileiti, syngja eða fara með vísur, hvað sem er. Látum það þó ekki trufla okkur við aksturinn.

➤ **Syngjum saman.**

Syngjum fyrir eða með barninu alveg frá fæðingu þess. Gott er að lesa fyrir barnið skemmtilegar rímaðar vísur eða kvæði með söguþræði, t.d. Tótu tætibusku, En hvað það var skrítið. Leikum okkur með rím og hvetjum barnið til að „bullríma“.

➤ **Brandarar.**

Börn fá fljótt tilfinningu fyrir kímni. Frá unga aldri er hægt að bulla með þeim og búa til skrítn hljóð og orð. Seinna er hægt að leika sér með orð og setningar. Oft eru heimatilbúnir, einfaldir brandarar skemmtilegastir.

➤ **Gátur.**

Leggjum fyrir börnin einfaldar gátur, t.d. Hvað er lítið og loðið og geltir voff,voff? Hvað er rautt og vex í trjám? Einnig er hægt að fara í leiki eins og Ég sé....(lýsa hlut og barnið reynir að geta upp á).

Ekki gleyma því að við örvum barnið með því að vera í návist þess og tala við það – og umfram allt, leyfa því að tjá sig. (punktar frá Margréti talmeinafr.)

## Lesum saman

### Lestraráttak í Grænatúni 2020

---

Grunnur að góðri færni í lestri er lagður á fyrstu árum barns. Foreldrar, leikskólakennarar og aðrir sem koma að uppeldi barna koma því að mikilvægum undirbúningi við að gera börn tilbúin til að takast á við lestrarnám.

Flestir foreldrar lesa fyrir barnið sitt frá unga aldri. Að lesa fyrir barn er afar gott veganesti út í lífið og skapar viðhorf um að hægt er að hafa bæði gagn og gaman af. Með lestri lærir barn ómeðvitað ýmislegt gagnlegt sem gagnast síðar við lestrarnám. Það lærir að hlusta og einbeita sér og eflir orðaforða. Mikilvægt er að barn og fullorðinn ræði ýmislegt sem lesturinn gefur tilefni til, staldri við og ræði um það sem er að gerast í bókinni og hvað persónurnar heita og eru að gera.

#### Gæðalestur með börnum

- Vanda val þeirra bóka sem eru lesnar. Þær verða að vera áhugaverðar og reyna örlítið á börnin sem hlusta. Það hjálpar að lesa með túlkun og tilfinningu og skapa notalegt andrúmsloft þegar lesið er
- Staldr við orð sem eru ný og áhugaverð, þó ekki of mörg í einu
- Eiga samræður um orðin og söguna, hvaða gildi hafa orðin í sögunni
- Það er mjög gott að lesa fyrir börnin sömu bókina nokkrum sinnum til þess að orðin sem þar koma fram festist í orðaforða þeirra
- Hægt að einblína á sömu orðin aftur og aftur við endurtekinn lestur og svo koma oft ný og áhugaverð orð í ljós
- Finna orðin í umhverfinu og nota þau í daglegu lífi því reynsla er börnunum mikilvæg og þau þjálfast í að nota orðin í samhengi
- Ræða persónur, atburði, velta fyrir sér hvað gerist næst.
- Tala um merkingu einstakra orða.
- Finna staf barnsins eða annarra í fjölskyldunni.


Dagana 26. október – 16. nóvember verður okkar árlega lestrarátak hér í Grænatúni. Það verður þó með breyttu sniði þar sem það er ekki sniðugt að vera að senda bækur á milli leikskólans og heimilanna í Covid ástandinu.

Börnin finna því bók heima sem er lesin með þeim og merkja á lestrarblaðið sem þau fá með sér heim. Á degi íslenskrar tungu þann 16. nóvember er lestrarblaðinu skilað inn og þá fá börnin afhenta bókgjöf.

Góða skemmtun



Nafn: \_\_\_\_\_



# LESUM SAMAN - 2020

26. október - 16. nóvember


Skiladagur 16. nóvember 2020